



# Grunnskólar Kópavogs

## Innritun í grunnskóla Kópavogs fyrir skólaárið 2014 – 2015

Innritun 6 ára barna (fædd 2008) fer fram í grunnskólum Kópavogs **mánudaginn 3. og þriðjudaginn 4. mars**. Sjá heimasíðu Kópavogs og heimasíður skólanna.

Sömu daga fer fram innritun nemenda sem flytjast milli skólahverfa og þeirra sem flytja í Kópavog eða koma úr einkaskólum.

Haustið 2014 munu skólar hefjast með skólasetningardegi **föstudaginn 22. ágúst**. Nánari upplýsingar eru á heimasíðum skólanna.

Sérstök athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í einkaskólum eða grunnskólum annarra sveitarfélaga er til 1. apríl og skulu umsóknir berast grunnskóladeild menntasviðs rafrænt á eyðublaði í íbúagátt sem er á heimasíðunni [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is). Sækja þarf um að nýju fyrir nemendur, sem nú eru í slíkum skólum, ef gert er ráð fyrir að þeir verði þar næsta vetur.

*Deildarstjóri grunnskóladeildar*